

AUGLÝSING

um íbúðarbyggð sunnan Reynilundar á Akureyri.

Breytingar á deiliskipulagi.

Skv. skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Akureyrar á fundi sínum 2. september 2003 samþykkt breytingar á deiliskipulagi íbúðarsvæðis sunnan Reynilundar sem samþykkt var í desember 2002.

Breytingarnar taka til suðvesturhluta svæðisins, þar sem skv. fyrra deiliskipulagi var gert ráð fyrir tveimur lóðum fyrir 3 sambyggð fjölbýlishús á hvorri. Eftir breytingu verða húsini stakstæð á fjórum lóðum, auk sameiginlegrar lóðar Grenilundar 2 og Bjarkarlundar 1 fyrir leiksvæði. Kvöð um almennar gangstéttar innan lóða fellur út.

Uppdráttur með greinargerð hefur hlotið þá meðferð, sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagsbreytingarnar taka þegar gildi.

Akureyri, 3. október 2003.

F.h. Akureyrarbæjar,

Bjarni Reykjalin skipulags- og byggingarfulltrúi.